

1855.

6. júlí.

staði, eða hvort að þau ekki, áður en þau fara þangað, sjeu skyld að koma við á einhverjum af þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. laga 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi; og skar amtið úr þessari spurningu, í tilfelli þar sem skjóts úrskurðar þurfti, á þá leið, að skipið þyrfti ekki, þegar þannig stæði á, að koma fyrst á einhverja af þeim 6 höfnum sem taldar eru í 2. gr. nefndra laga, en gæti tafarlaust farið þangað, er ferðinni var heitið. Hinn setti stiptamtmaður hefur nú í brjefi sínu 2. f. m., um leið og hann færir ástæður fyrir þessari skoðun sinni, beðið stjórnina um að auglýsa amtinu hvað rjett væri í þessu efni til eptirbreytni og reglu framvegis.

Um þetta efni vil jeg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til eptirbreytni, að, þar eð það er almennt boðið í lögum 15. apríl 1854, 3. gr., að öll útlend skip, sem koma beinlínis frá útlöndum, skuli koma á einhverja af þeim höfnum, sem til greindar eru í 2. gr. sömu laga, áður en þau sigli upp aðrar hafnir á landinu, svo að þess verði gætt, sem boðið er í tjeðri grein, hlýtur þessi ákvörðun einnig að gilda um útlend skip, sem koma beinlínis frá útlöndum, þó að innlendir kaupmenn, sem hafa verzlun á einhverjum af hinum lögboðnu verzlunarstöðum, hafi leigt þau, þar eð það er einungis á þeim 6 stöðum, sem nefnd gr. telur, að farið verður eptir reglum þeim, sem gefnar eru í 2. gr. optnefndra laga.

6. júlí. **38. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um sóttvarnir í Reykjavík.**

Um leið og amtið hefur skýrt frá því, að það eptir ósk heilbrigðisnefndarinnar í Reykjavík hafi fallizt á, að skipstjórum sem komi þar á höfn verði að sinni vísað á eina af bryggjunum við höfnina, er þeir allir án undantekningar, og svo að sekt varði, skuli leggja að, þegar þeir fyrst koma í land, svo að þar verði lagðar fyrir þá þær spurningar, sem til eru teknar í sóttvarnatilskipuninni 8. febrúar 1805, 7. gr., og að þar verði

1855.

6. júlí.

reist upp stöng með grænni fínu til að auðkenna bryggjuna; og að amtið einnig hafi fallizt á, að útgjöld þau sem til þessa þurfa, verði fyrst um sinn greidd úr jafnaðarsjóði amtsins, en hefur þó lýst yfir því áliti sínu, að það einkum yrði að vera skylda Reykjavíkurbæjar, er mest gagn hefur af þessum ráðstöfunum, að greiða kostnað þann er hjer af leiðir, og ætti því á sínum tíma að endurgjalda jafnaðarsjóðnum þetta fje, hefur stiptamtið síðan — eptir að þetta var komið í kring og auglýst hlutaðeigendum með prentuðu lögregluskjali, er bæjarfógetinn gaf út, og inniheldur auk þess hinar helztu ákvarðanir í sóttvarnarlöggjöfnni og lögum 15. apríl 1854 og brýnir þær fyrir mönnum, og skjal þetta skulu leiðsögumenn fá hverjum skipstjóra, er að landi kemur —, í brjefi 25. maí næstliðinn, næst eptir að geta þess, að kostnaðurinn til að prenta lögregluskjal þetta er greiddur af fje því, sem ætlað er til óvissra aukaútgjalda fyrir Ísland, framborið þá von sína, að stjórnin mundi fallast á þessar ráðstafanir. Amtið gat þess, að ráðstöfun þessi ekki gæti álitizt nægileg, og bar það því undir úrskurð stjórnarinnar, hvort ekki mætti, eins og bæjarfógetinn hefur beðizt, stofna sóttvarnahús og sóttvarnbryggju fyrir Reykjavík, og í þeim tilgangi hefur amtið sent uppdrátt eptir *Nielsen* timburmann og ágizkunarreikning um kostnaðinn, og hafa nefndum *Nielsen* verið borgaðir fyrir það 3 rd. úr jafnaðarsjóði amtsins.

Um þetta mál læt jeg ekki hjá líða til vitundar og frekari ráðstöfunar sem þörf gjörizt, að skýra yður frá, að stjórnin hefur reyndar ekkert á móti ráðstöfunum þessum, er þannig hafa verið gjörðar um sóttvarnir til bráðabyrgða, en að Reykjavíkurbær verður að bera kostnað þann er af þeim leiðir, samkvæmt grundvallarreglunum í frumvarpi því, er lagt er fyrir alþingi, til opins brjefs um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af því að frjáls verzlun komst á; og að þannig verður að endurgjalda jafnaðarsjóðnum eða jarðabókarsjóðnum þessi gjöld úr bæjarsjóðnum, ef nokkuð hefur verið greitt úr nefndum sjóðum í þessu skyni.

Hvað þessu næst við vikur því, að sóttvarnahús með bryggju, er þar til heyrir, verði byggt, þá verður Reykjavíkurbær

1855. 6. júlí. bær einnig að greiða kostnað þann er af þessu leiðir, samkvæmt grundvallarreglunum í áður nefndu frumvarpi, og vildi jeg því, um leið og jeg hjer með sendi aptur uppdráttinn og ágizkunar-reikninginn, er með fylgði, áður en meira er gjört í þessu efni, biðja herra stiptamtm. að leita álits bæjarstjórnarinnar um allt málið, og einkum um það, hvernig fengið verði fje það sem þarf til að koma þessu á stofn, ef að áður nefndur bær getur borið kostnaðinn, og væntir stjórnin að málið verði sent hingað með þeim athugasemdum, er yður kynni að virðast tilefni til.

11. ágúst. 39. Auglýsing innanríkisstjórnarinnar um að prússnesk skip sjeu undan þegin aukagjaldi því, sem ákveðið er eptir auglýsing 24. marz þ. á. fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.

Þar eð fullgyld sönnun er færð fyrir því, að konungsveldið Prússland veiti skipum þegna Danakonungs fullkomið jafurjetti við innlend skip í höfnum Prússaveldis, eru prússnesk skip, sem sigla til Íslands til verzlunar, samkvæmt auglýsing 24. marz þ. á., undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í áður nefndri auglýsing.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

16. ágúst. 40. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um skort á nauðsynjavörum.

Í þóknanlegu brjefi 4. f. m. hefur herra stiptamtm. vakið athuga stjórnarinnar á því, að síðan að lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi fengu lagagildi 1. apríl þ. á., hafi yður vitanlega ekkert útlent skip komið á hafnir þær er lausar eru gefnar, nema eitt spanskt skip, er stórkaupmaður *Knudtson* hefði tekið á leigu og komið hefði til Reykjavíkur,